

Eftir málavöxtum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, og ákveðst hann 60 kr.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, Sigurður Ingimundarson, greiði áfrýjanda, Siggeiri Torfasyni, 448 kr. 75 a. með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1913 til greiðsludags, og í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi 60 kr.

Dóminum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 16. apríl 1917.

Nr. 22/1917.

Réttvisin  
gegn

Guðmundi Kristjánssyni.

Úrskurður:

Með því að rannsóknardómarinn hefir ekki yfirheyrt fyrir rétti neinn þeirra manna, er upplýsingar gætu gefið í máli þessu, aðra en ákærða sjálfan, son hans og konu, er nauðsynlegt áður en dómur verður lagður á málið, að fengnar verði með ítarlegri réttarprófum skýrslur, sem hér segir:

1. Skýrsla Guðmundar Ögmundssonar á Hofi og Hinriks tengdaföður hans um viðtal þeirra við Kristján Guðmundsson, þegar hann kom að Hofi 31. okt. 1914, til að sækja svörtu gimbrina, og ber að samprófa þá við Kristján, ef framburður þeirra gefur tilefni til þess.
2. Skýrsla feðganna, Klemens Ólafssonar og Konráðs Klemenssonar á Kurfi um kindur þær, er ákærði hefir markað undir þeirra mark, hvort þeir hafi leyft honum það, svo og um kindur þær, er ákærði tjáist hafa látið að Kurfi.
3. Skýrsla Eiríks Eiríkssonar og Guðrúnar Magnúsdóttur á Sviðningi um kindur þær með marki þeirra, er voru saman við fé ákærða við rannsóknina 31. okt. 1914.
4. Skýrsla Björns Guðmundssonar á Örlygsstöðum um hvítu ána með marki hans, er við rannsóknina var í fé ákærða.
5. Skýrsla Sigurðar Gíslasonar á Hróarsstöðum um móbotnóttu ána, er Kristján Guðmundsson tjáist hafa fengið hjá honum.
6. Skýrsla kunnugra manna um fjáreign Jens Stiensens, og um það, hvort þeir viti til, að hann hafi gefið börnum ákærða kindur eða heyrnt hann hafa orð á því.
7. Skýrsla Edvalds Hemmerts um lambið, er ákærði tók frá honum, og um viðskifti þeirra.
8. Skýrsla Ásgeirs á Höfðahólum um kindarreifið, er ákærði tjáist hafa tekið af á, er Ásgeir átti.
9. Skýrsla Árna Árnasonar frá Höfðahólum og umboðsmanns hans um hvíta lambhrútinn, er

- ákærði á að hafa fengið hjá Árna og umboðsmaðurinn markað honum.
10. Verður að samprófa framangreind vitni, þau er eiga heima í sama hreppi og ákærði, við hann og Kristján son hans, eftir því sem framburður þeirra gefur tilefni til.
  11. Verður að samprófa ákærða og Kristján son hans, þar sem framburður þeirra er ósamhljóða, sérstaklega um hvítkollóttu ána, sem Kristján, að sögn ákærða, á að hafa keypt af Jens Stiesen, en Kristján aðeins segir að komið hafi til orða að hann fengi hjá Stiesen.
  12. Skýrsla ákærða um lífsferil hans, og ef til kemur útvega hegningarfottorð fyrir hann úr öðrum lögsagnarumdæmum. Loks verður að útvega
  13. skýrslu skiftaréttarins eða erfingja Jens Stiesens um það, hvort þeir viðurkenni kindargjafir þær, til barna ákærða, er þeir ákærði og Kristján sonur hans segja, að hann hafi gefið þeim.

Ber rannsóknardómaranum að útvega skýrslur þessar og aðrar þær upplýsingar, er framhaldsprófin kunna að gefa tilefni til að leita.

#### Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega framangreindar skýrslur og upplýsingar svo fljótt, sem verðama.